



**UNGLINGAÞING UMBOÐSMANNS BARNA
HALDIÐ VETURINN 1999-2000**

- LOKASKÝRSLA -



Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	3
<i>Undirbúningur Netþings 1999-2000</i>	5
<i>Tæknileg útfærsluatriði Netþingsins</i>	6
<i>Framkvæmd</i>	9
<i>Tillögur Netþings umboðsmanns barna 1999-2000</i>	14
<i>Skólar og þingfulltrúar</i>	19
<i>Verkefnisstjórn</i>	21
<i>Viðaukar</i>	22

Aðildarríki skulu tryggja barni, sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska - Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð. (12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins)

Á haustdögum 1999 ákvað umboðsmaður barna, Þórhildur Línadal, ekki síst með vísan til framangreindra grundvallarréttinda barna, að ýta úr vör tilraunaverkefni, sem nefnt var NetPing - unglingaþing umboðsmanns barna. Þetta unglingaþing fór fram á Netinu veturinn 1999-2000 á spjallrásum, póstlistum og vefsíðum, og var sett formlega 18. janúar 2000 af forsætisráðherra, Davíð Oddssyni. Hér á eftir verður m.a. gerð grein fyrir undirbúningi og framkvæmd NetPingsins, tæknilegri útfærslu þess, sem og þeim tillögum sem samþykktar foru af netþingfulltrúum.

Markmið

Markmiðið með NetPinginu var fyrst og fremst, að gefa fulltrúum ungu kynslóðarinnar tækifæri á að ræða saman sín á milli, á lýðræðislegan hátt, um málefni er á þeim brenna og koma skoðunum sínum á framfæri við opinberan talsmann sinn, og þannig styrkja embætti umboðsmanns barna enn frekar, sem málsvara barna og unglunga gagnvart opinberum, sem og einkaaðilum.

Þingfulltrúar¹

Þingfulltrúar voru 63 að tölu, 32 piltar og 31 stúlka á aldrinum 12-15 ára, víðsvegar af landinu. Skipting þingfulltrúa var sú hin sama og gert var ráð fyrir í tillögum til breytinga á kjördæmaskipan landsins, þ.e. 30 þingfulltrúar úr landsbyggðarkjördæmunum þremur; Norðurvesturkjördæmi, Norðurausturkjördæmi og Suðurkjördæmi, þ.e. 10 þingfulltrúar úr hverju, 11 þingfulltrúar úr Suðvesturkjördæmi og 22 úr Reykjavíkurborgkjördæmum.

Við val þingfulltrúa var höfð samvinna við skólastjóra 25 grunnskóla sem tilnefndu fulltrúa úr hópi nemenda til þátttöku í þingstörfum, auk þess sem óskað var tilnefningar tengiliðar af hálfu skólans, kennara eða annars starfsmanns, til að vera nemendum skólans til halds og trausts í þingstörfum. Þá var þess farið á leit að þingfulltrúum yrði veittur aðgangur að nettengdum tölvum skólans.

Þingfundir

Formlegir þingfundir voru fimm, en áður höfðu verið haldnir þrír undirbúningsfundir þar sem leitast var við að prófa tæknibúnað og veita þingfulltrúum þjálfun í notkun spjallrása.

Þingfulltrúar skipuðu sér í sex nefndir sem hver og ein fjallaði um málefni ungs fólks undir tiltekinni yfirskrift. *Hamingja og framtíðarsýn, skólamál, ofbeldi og vímuefni, tíska, tómstundir og félagsstarf og menningarmál.*

¹ Sjá bréf umboðsmanns barna til skólastjóra, dagsett 1. september 1999. Viðauki nr. 3

Undirbúningur NetÞings 1999-2000

Upphaf NetÞings má rekja til þeirrar viðleitni umboðsmanns barna að auðvelda ungu fólki að koma skoðunum sínum á framfæri um málefni sem þau varða. Í því sambandi var litið til þess hvort ekki mætti nýta möguleika nýjustu samskipta- og upplýsingatækni, þ.e. tölvusamskipta. Umboðsmaður sótti um styrk til verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið og fékkst sá styrkur til að þróa og koma á gagnvirkum samskiptum milli umboðsmanns barna og ungs fólks á Íslandi. Til ráðgjafar við mótun verkefnisins var leitað til Kjartans Ólafssonar, félagsfræðings, sem vann eftir hugmyndum umboðsmanns og útfærði nokkrar leiðir sem unnt væri að fara til að stuðla að virkari þátttöku barna í umræðum og ákvörðunum um málefni sem snerta þau sjálf². Á þessum grunni var hugmyndinni um NetÞing hrint í framkvæmd ásamt tillögum um skipulag og starf slíks þings³. Fljótlega þótti ljóst að nauðsynlegt yrði að leita samstarfs við grunnskóla um framkvæmd þingsins. Kom þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi þurfti að finna einfalda leið til að velja þingfulltrúa og í öðru lagi þurfti að tryggja þingfulltrúum aðgang að nettengdum tölvum. Hvoru tveggja var unnt að ná með samstarfi við grunnskóla. Þar sem ákveðið hafði verið að takmarka fjölda þingfulltrúa við 63 var ljóst að einnig yrði að takmarka fjölda skóla. Ákveðið var að velja eingöngu úr hópi þeirra skóla, er höfðu heimasíðu á Netinu, þar sem það þótti vísbending um að innan viðkomandi skóla væri sennilega til einhver þekking á samskiptamöguleikum Netsins. Leitað var samstarfs við 25 grunnskóla um að velja tvo til fjóra nemendur til þátttöku í NetÞinginu ásamt því að veita viðkomandi nemendum nauðsynlega aðstoð⁴. Skólastjórar tóku þessari málaleitan undantekningalaust mjög vel.

² Sjá minnisblað í viðauka, dagsett 16.06.1999. Viðauki 1

³ Sjá minnisblað í viðauka, dagsett 30.06.1999. Viðauki 2

⁴ Sjá bréf umboðsmanns barna til skólastjóra, dagsett 1. september 1999. Viðauki 3

Skólar stóðu misjafnlega að vali þingfulltrúa og veittu þeim mis mikla aðstoð. Einn skóli hætti þátttöku þegar á hólminn var komið en á síðustu stundu tókst að fá annan í hans stað.

Þegar hugmyndafræði þingsins hafði verið mótuð í stórum dráttum var leitað til þeirra Gunnars Grímssonar og Braga Halldórssonar um nánari útfærslur á tæknilegri tilhögun á Netþingi. Frumskilyrðið var, af skiljanlegum ástæðum, að haga þeim málum á þann hátt að allir þingmenn gætu tekið þátt í þingstörfum án teljandi vandræða.

Tæknileg útfærsluatriði Netþingsins

Fljótlega þótti ljóst að besta leiðin til að framkvæma þingið væri að nota spjallrásir, póstlista og vefsíður:

1. **Spjallrásir** (IRCrásir) til að halda þingfundina á. irc.barn.is (okkar eigin IRCmiðlari) voru keyrðar hjá Hringiðunni á notendavél þar. Flestir þingfulltrúar notuðu Mirc forritið til að vera á IRCinu enda var mælt með því, til að einfalda hjálparstarf. IRCrásir voru notaðar til allra funda og voru þær alls 8 talsins, ein fyrir hverja nefnd og síðan ein fyrir sameinað þing. Tæknilegur umsjónarmaður og starfsmenn umboðsmanns barna fylgdust með rásunum allan tímann til að tryggja að vandamál yrðu í lágmarki.
2. **Vefsíður** voru notaðar til að kynna þingfulltrúum (og öðrum) þingið og síðar til að setja inn upplýsingar um störf þess. Einnig til þess að kjósa í nefndir og um tillögur þingsins. Í þessu sambandi voru þingfulltrúar að nota Explorer og Netscape, eins og langflestir gera við vefskoðun. Hluti vefsins var lokaður með lykilorði til að hindra utanaðkomandi í að skoða vinnu sem var í mótun. Allir þingfulltrúar og starfsmenn vissu þetta lykilorð og urðu ekki teljandi vandræði með það.

3. **Póstlistar** til að gera þingfulltrúum kleift að skiptast á skoðunum milli þingfunda. Hér hafa þingfulltrúar væntanlega notað sín pósthótt, en þar sem engin vandamál voru með slíkt þá er lítið um það að segja. Helstu vandamál pósthóttu voru að fá netföng allra inn í upphafi. Stofnaðir voru 9 pósthóttu, einn fyrir þingið allt, einn fyrir tengiliði í skólum og einn fyrir hverja nefnd. Nefndapósthóttuarnir voru sorglega lítið notaðir og hefði þurft að æfa þingfulltrúa meira í notkun þeirra í tengslum við undirbúningsfundum.

Fljótlega kom fram sú tillaga, að skipta þingfulltrúum upp í nokkrar nefndir, þar eð ólíklegt þótti til árangurs að halda fundum á opinni rás, með 63 þátttakendum. Niðurstaðan varð sú, að skipaðar yrðu 7 nefndir, hver með 9 þingfulltrúum. Hver nefnd hefði ákveðna yfirskrift og skyldi vinna og kynna sínar tillögur og röksemdir á sérstökum nefndarfundum. Tillögurnar yrðu síðan lagðar fyrir alla þingfulltrúa til samþykktar eða synjunar á sameiginlegum fundum. Til stóð í upphafi að ein nefndanna gegndi hlutverki nokkurs konar eftirlitsaðila, og hefði það hlutverk að fylgjast með þingstarfinu og koma með tillögur um það sem betur mætti fara á næsta NetÞingi. Erfiðlega gekk að fá þingfulltrúa til að taka sæti í starfsnefndinni og var því á seinni stigum ákveðið að fella hana niður. Nefndirnar urðu því 6 og hver og ein fékk ákveðin málefni til umfjöllunar.

Fyrstu pósthóttuarnir voru settir í gang um miðjan nóvember og voru það pósthóttu starfsmanna þingsins og pósthóttu þingfulltrúanna. Í fyrsta bréfinu, sem sent var til þingfulltrúa var boðað til undirbúningsfundar, þriðjudaginn 23. nóvember kl. 15.00 á spjallrásinni #thingvollur. Markmið fundarins voru einnig kynnt, þ.e. að allir þátttakendur næðu að komast inn á spjallrásina á sama tíma, ákvarðanir yrðu teknar um verklag þingsins og hugsanleg umræðuefni rædd. Með því bréfi var einnig formlega opnaður vefur NetÞingsins á slóðinni <http://www.barn.is/thingvollur>. Á þessum fyrsta fundi komu í ljós erfiðleikar við að fá alla til að mæta á sama tíma við tölvuna, sem gerði það að verkum að

ákveðið var að hafa fleiri undirbúningsfundi en upphaflega stóð til. Í kjölfar undirbúningsfundarins kom í ljós að tengingar skólanna við Netið voru flestar þannig að aðeins ein tölva gat tengst spjallrás (IRCinu) á sama tíma (miðað við að IRC-miðlarinn irc.isnet.is væri notaður). Var því brugðið á það ráð að setja upp sérstakan miðlara fyrir þingið sem fékk heitið irc.barn.is og reyndist sú ráðstöfun mjög vel. Lögð var áhersla á að þingfulltrúar vönduðu málfar sitt og notuðu íslensk gælunöfn í samskiptum sínum á Netinu. Tókst það vonum frammar og var málfar þingfulltrúa til fyrirmyndar.

Annar undirbúningsfundur var haldinn 30. nóvember kl. 15.00 og var mæting þingfulltrúa þá betri en á þeim fyrsta. Færni þingfulltrúa til að nýta sér tæknina jókst til muna frá fyrri fundi. Þriðji og síðasti undirbúningsfundurinn var haldinn 11. janúar og voru þá langflestir þingfulltrúar mættir. Fyrir þann fund voru sendar út tillögur um umræðuefni nefnda, sem síðan voru samþykktar, án breytinga. Þær voru:

1. Hamingjan og framtíðarsýn
2. Skólamál
3. Ofbeldi og vímuefni
4. Tíska og auglýsingar
5. Tómsundur og félagsstarf
6. Menningarmál

Framkvæmd

Fyrsti þingfundur

Fyrsti þingfundur var haldinn þriðjudaginn 18. janúar kl. 15.00. Forsætisráðherra, Davíð Oddsson setti þingið að viðstöddum starfsmönnum þingsins og fulltrúum fjölmiðla⁵. Þingstörf hófust þegar að lokinni setningu.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

15.00 Þingfulltrúar mæta, hver í sínum skóla

15.15 Forsætisráðherra setur þingið.

15.20 Stuttur opinn fundur, þingfulltrúar kynna sig og frjálssar umræður.

15.35 Valið í nefndir af vefsíðu.

15.45 Nefndafundur - Nefndarmenn skipta með sér störfum: Formaður, varaformaður og ritari. Verkefni nefndarinnar rædd og lögð drög að starfi hennar.

16.45 Ákveðið hvenær hver nefnd kynni niðurstöður sína.

17.00 Fundi slitið.

Ekki tókst að ljúka dagskrá og var nefndafundum því frestað til næsta þingfundar.

Annar þingfundur

Þingfundur var haldinn viku síðar, 25. janúar kl. 15.00 og var dagskrá hans sem hér segir:

15.00 Mæting á #thingvollur

⁵ Fréttatilkynning til fjölmiðla vegna setningar NetÞings. Viðauki 4

15.05 Nefndafundur settir, hver á sinni rás, einn af öðrum, stutt kynning nefndarmanna

15.15 Kosið í embætti nefnda á nefndafundum, kosnir formenn, varaformenn og ritarar hvernar nefndar.

15.30 Nefndafundi framhaldið, rætt um málefnið

16.30 Nefndafundi slitið

Að þessu sinni tókst að ljúka dagskránni og greinilegt var að meirihluti þingmanna var búinn að átta sig á hvernig þingið starfaði.

Þriðji þingfundur

Þingfundur var haldinn 8. febrúar kl. 15.00 og var þar framhaldið nefndastörfum, sem fyrst og fremst fólust í því að útbúa tillögur nefnda, er síðar yrðu lagðar fyrir sameinað þing. Starfið gekk mjög vel hjá meirihluta nefndanna, en sökum þess að tvær nefndir voru ekki tilbúnar með frambærilegar tillögur á þessum fundi var ákveðið að halda einn nefndafund í viðbót og var hann boðaður 15. febrúar kl. 15.00. Á þeim fundi tókst að ljúka við tillögur allra nefnda, sem skyldu vera rökstuddar, og tókst það misvel, eins og gengur.

Fjórdi þingfundur

Á fyrri fundi sameinaðs NetÞings, sem haldinn var 22. febrúar, kl. 15:00, kynntu þrjár nefndir tillögur sínar: Skólamálanefnd, Menningarnefnd, Tómsstunda og félagsmálanefnd. Skemmst er frá því að segja að allar tillögur þessara nefnda voru samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Fimmti þingfundur

Síðasti NetÞingsfundurinn var haldinn 29. febrúar kl. 15.00 og voru þá afgreiddar tillögur hinna þriggja nefndanna en það voru: Ofbeldisnefnd,

Tískunefnd og Framtíðarnefnd. Allar tillögur þessara nefnda voru samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þar með lauk hinu eiginlega NetÞingi.

Lokafundur

Lokafundur NetÞingsins var haldinn í Reykjavík, föstudaginn 24. mars 2000. Mikill undirbúningur átti sér stað fyrir lokafundinn. Undirbúningurinn fólst m.a. í að sent var bréf til allra netþingfulltrúa ásamt eyðublaði⁶ vegna væntanlegrar þátttöku þeirra í Reykjavíkurfundinum. Skilyrt var að samþykki foreldra og skólayfirvalda lægi fyrir, til að geta tekið þátt í fundinum. Þá skrifaði umboðsmaður sérstakt bréf til skólastjóra með beiðni um að hlutaðeigandi þingfulltrúar fengju leyfi úr skólanum til þess að sækja NetÞingið þennan tiltekna dag⁷. Send var fréttatilkynning til fjölmiðla⁸. Leitað var eftir stuðningi vegna ferða þingfulltrúa, er bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins, til og frá Reykjavík þennan dag. Leitað var til Flugfélags Íslands, Íslandsflugs og Bifreiðastöðvar Íslands (BSÍ), sem lögðu sitt af mörkum til að gera þetta mögulegt, m.a. lét BSÍ útbúa af þessu tilefni sérstakan rútupassa fyrir þingfulltrúa⁹. Leitað var til Reykjavíkurborgar um afnot af Tjarnarsal Ráðhússins til að halda fundinn og fékkst það gegn greiðslu leigu. Þá óskaði umboðsmaður eftir því að þingfulltrúar fengju að skoða Ráðhúsið undir leiðsögn og að boðið yrði upp á léttan hádegisverð. Þetta gekk allt eftir.

Leitað var til Alþingis eftir því að þingfulltrúar fengju að afhenda forseta Alþingis lokaskýrslu NetÞingsins. Það reyndist auðsótt, og fengu fulltrúar á NetÞingi auk þess boð um að skoða Alþingishúsið og þiggja síðdegishressingu að því loknu.

⁶ Bréf umboðsmanns barna til Netþingfulltrúa vegna lokafundar, ásamt eyðublaði, dagsett 2. mars 2000. Viðauki 5.

⁷ Bréf umboðsmanns til skólastjóra vegna lokafundar, dagsett 2. mars 2000. Viðauki 6.

⁸ Fréttatilkynning til fjölmiðla vegna lokafundar, dagsett 23. mars 2000. Viðauki 7.

⁹ Sjá sýnishorn af rútupassa. Viðauki 8.

Lokapíngfundur NetÞings-unglingaþings barna, sem haldinn var sem fyrr segir í Ráðhúsi Reykjavíkur hófst með því að Netþingfulltrúar sem bjuggu úti á landi voru sóttir af starfsmönnum embættis umboðsmanns barna á Reykjavíkflugvöll og á Umferðamiðstöðina. Sjö ferðir voru farnar í þessu skyni. Fyrstu netþingfulltrúarnir komu á níunda tímanum um morguninn og hinir síðustu rétt fyrir kl. 12 á hádegi. Þeir fyrstu komu á skrifstofu umboðsmanns og fengu morgunhressingu. Hinir sem síðar komu voru keyrðir í Hitt Húsið, en umboðsmaður hafði óskað eftir að þeir fengju að skoða sig þar um og var vel tekið á móti þingfulltrúum, sem auk skoðunarferðar um húsið, þáðu kakó á sjálfum Kakóbarnum.

Þeir netþingfulltrúar, sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu, komu sér sjálfir á lokafundinn í Ráðhúsi Reykjavíkur. Eftir ávörp umboðsmanns barna, Þórhildar Líndal og forseta borgarstjórnar Reykjavíkur, Helga Hjörvar, var Ráðhúsið skoðað og síðan snæddur léttur málsverður í boði Reykjavíkurborgar.

Að þessu loknu hófst eiginlegur lokafundur NetÞings-unglingaþings umboðsmanns barna samkvæmt boðaðri dagskrá¹⁰. Á þessum fundi voru netþingfulltrúar að hittast í fyrsta skipti augliti til auglitis og fengu því allir merki í barminn með gælunöfnum þeim, sem notuð höfðu verið á Netfundum þingsins. Raðað var til borðs, þannig að nefndirnar höfðu hver sitt borð og voru fundargögn til reiðu fyrir fundarmenn. Fundarstjóri var Kjartan Ólafsson, verkefnisstjóri og setti hann fundinn kl. 13:00. Nefndir tóku þá til starfa og fengu tækifæri til að ræða fyrirbyggjandi tillögur NetÞingsins, áður en þær voru lagðar fyrir þingið til endanlegrar afgreiðslu. Þá voru starfshættir og framtíð NetÞings rædd og lögð var fyrir fundarmenn könnun, sem hafði það markmið að fá fram skoðanir þátttakenda á framkvæmd þingsins, því sem tókst vel og því sem betur mátti fara. Að þessu loknu kynntu framsögumenn hveðrar nefndar tillögur nefndarinnar fyrir Netþingfulltrúum og voru tillögurnar þar með formlega samþykktar af þingheimi.



Sérstakur fulltrúi NetÞings 1999-2000 var valinn þingfulltrúi frá Njarðvíkurskóla, Erla María Guðmundsdóttir. Áður en fundi var slitið, afhenti umboðsmaður barna þingfulltrúum sérstakt viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna¹¹.

Að NetÞingi loknu, um kl. 14.30 var Alþingi heimsótt og tillögur NetÞingsins afhentar Guðjóni Guðmundssyni, varaforseta Alþingis. Þingfulltrúar fengu að setjast í sæti alþingismanna í sjálfum þingsalnum og Solveig K. Jónsdóttir, kynningarfulltrúi Alþingis, fræddi þá um sögu Alþingishússins. Þá bauð Alþingi upp á glæsilegar veitingar í kaffistofu þingmanna. Klukkan 15.30 var heimsókninni í Alþingi lokið og fulltrúar NetÞingsins tóku að hverfa til síns heima. Starfsmenn umboðsmanns barna óku netþingfulltrúum aftur út á Reykjavíkurlflugvöll og Umferðarmiðstöðina. Þeir sem ekki lögðu strax af stað heim á leið heimsóttu skrifstofu umboðsmanns barna og þáðu hressingu.

Þeir netþingfulltrúar sem ekki gátu sótt þingið fengu viðurkenningarskjölin send til sín í skólann. Þá fengu skólastjórar einnig senda viðurkenningu til skólans fyrir þátttöku. Fjöldmörg þakkarbréf voru send til að loknu NetÞingi til allra þeirra, sem lagt höfðu hönd á plóg til að gera það að veruleika og lokafundinn svo vel heppnaðan, sem raun ber vitni.

¹⁰ Sjá dagskrá lokafundar NetÞings-unglingaþings umboðsmanns barna . Viðauki 9.

¹¹ Sjá sýnishorn af viðurkenningarskjali. Viðauki 10.

Tillögur Netþings umboðsmanns barna 1999-2000

Tillögur framtíðar- og hamingjunefndar:

1. Bæta öryggi barna í skólum og hjálpa þeim betur sem eiga erfitt.

Rökstuðningur: Í framtíðinni verður erfitt fyrir þau börn sem lögð hafa verið í einelti og eiga erfiðara með að læra að koma sér áfram í lífinu.

2. Hafa almennilega íþróttaaðstöðu alls staðar á landinu.

Rökstuðningur: Góð íþróttaaðstaða verður að vera til staðar, líka úti á landi. Íþróttir stuðla að betri líðan, bættri heilsu og betri námsárangri og eru því nauðsynlegar fyrir alla.

Tillögur menningarnefndar:

1. Við viljum aukið aðgengi unglunga að almennri menningu, sem getur t.d. verið að hafa ekki bara skólaferðir í leikhús upp í 7. bekk, að fá fleiri og fjölbreyttari listamenn í heimsóknir í skólum (ekki bara klassíska!) og fleiri og fjölbreyttari bókakynningar í gagnfræðaskólum, svo eitthvað sé nefnt.

Rökstuðningur: Til að aðeins fari að rofa menningarlega til í hugum unglunga, er tilvalið að reyna að hafa umhverfi þeirra aðeins menningarlegra. Þeir eru svo oft settir út í horn með fyrirfram ákveðna „unglingatónlist“ og „unglingabækur“ og „unglingaleikrit“ (sem yfirleitt eru á vegum menntaskólanna en ekki í atvinnumannaleikhúsum). Unglingar eru ekki bara sérmenningshópur, þeir eru aðeins fjölbreyttari.

2. Lægri strætógjöld fyrir unglunga.

Rökstuðningur: Gjaldið sem nú er fyrir unglunga, 150 krónur, er svívirðileg móðgun við buddur/veski unglunganna. Þeir hafa yfirleitt ekki jafnmikil auraráð og fullorðið fólk, þessvegna ætti að vera annað gjald fyrir unglunga en fullorðna. Og þó það sé

annað verð á kortunum er það ekki alltaf sem maður hefur tækifæri til að kaupa kort.

3. Stofna útvarpsstöð félagsmiðstöðvanna, sbr. Útvarp Tónabær, sem stóð í viku, og félagsmiðstöðvarútvarp í Grafarvogi sem er að fara í gang þessa dagana. Þetta gæti verið rás sem félagsmiðstöðvarnar skiptast á um að vera með, ein félagsmiðstöð gæti t.d. verið með rásina í eina viku í senn, og á rásinni yrðu unglingar frá öllu landinu með sína eigin þætti.

Rökstuðningur: Þegar "fullorðinsrásirnar" í útvarpi eru hreinsaðar frá, standa eftir þrjár til fjórar stöðvar sem unglingar gætu haft áhuga á. Þar af spilar ein eða tvær stöðvar bara svokallað "píkupopp" og ein er nær eingöngu talað mál. Það er alltaf verið að reyna að beina unglingum frá sjónvarpi (og tölvum) en enginn lætur falla styggðaryrði um útvarpshlustun, svo af hverju ekki að reyna að hafa meira og fjölbreyttara útvarpsefni fyrir unglinga? Ef það væru unglingar með þætti fyrir unglinga til skiptis, þá yrði rásin fjölbreytt og örugglega mikið hlustað á hana. Til að þetta gæti gengið yrði rásin að geta náð til sem flestra staða, sem gæti orðið dýrt, og því væri hagkvæmt ef ríkið gæti styrkt hana.

4. Fleiri og fjölbreyttari tónleika, ríkisstyrkta eða á vegum ríkisins.

Rökstuðningur: Á síðustu árum hafa ekki mjög margir erlendir tónlistarmenn sem spila mikið fyrir unglinga, haldið tónleika hér. Tónleikarnir með Fugees, Skunk Anansie, Garbage og Robbie Williams, voru allir á einkavegum. Ef það væru réttu hljómsveitirnar valdar, sem höfðuðu til nógu stórs aldurshóps, væri aðsóknin næg, og þar að auki yrði ríkisstjórnin örugglega vinsælli meðal ungs fólks!

Tillögur ofbeldisnefndar:

1. Refsidómar vegna ofbeldis- og vímuefnabrota verði þyngdir, einkum yfir þeim sem beita börn og unglinga ofbeldi og kynferðislegri áreitni.

Rökstuðningur: Fólki sem gerir svona lagað þarf að fá refsingu annars halda þau að þau geti komist upp með allt. Ef dómarnir eru lengri eru ekki miklar líkur á að manneskjan geri þetta aftur.

2. Að styrkja meira fræðslu um skaðsemi vímuefnaneyslu, sem skilar árangri, og byrja hana fyrr.

Rökstuðningur: Til að fræðsla geti farið fram þarf peninga og það er ekki sjálfgefið að fá peninga bara sisona. Til að krakkar fari ekki í einhverja neyslu eða svoleiðis þá er forvarnafræðsla mjög mikilvæg, þ.e. að fá fólk sem hefur verið í neyslu í heimsókn. Þau segja frá skaðsemi vímuefna og öðru sem viðkemur vímuefnum.

Tillögur skólamálanefndar:

1. Netþing umboðsmanns barna leggur til að í öllum skólum eigi að vera skápar.

Rökstuðningur: Okkur finnst að í öllum skólum ættu að vera skápar. Ástæður þessa eru t.d. þær að það fer illa með bakið á manni að bera allar þessar bækur allan daginn og að oft væri gott að hafa stað til að geyma dótið sitt, peninga og þess háttar svo að því sé ekki stolið.

2. Netþing umboðsmanns barna leggur til að í öllum skólum á landinu eigi að vera aðstaða til að borða, svo sem matsalur og mötuneyti.

Rökstuðningur: Í öllum skólum ætti að vera matsalur og helst mötuneyti líka. Ekki er hægt að bjóða nemendum, sérstaklega í eldri bekkjum, að borða í stofum eða á göngum. Það eru líka oft margir sem fara út í sjoppu eða koma með óholtt nesti ef ekki er mötuneyti á staðnum. Þannig að með því að setja upp mötuneyti stuðlum við að hollara mataræði barna og unglinga.

3. Netþing umboðsmanns barna leggur til að sveitarfélögin í landinu leggi meira fjármagn til skólanna.

Rökstuðningur: Mjög misjafnt fjármagn er látið renna til skóla í landinu og sumir skólar fá alltof lítið fjármagn á meðan aðrir fá meira en nóg. Setja þarf lágmark á framlög sveitarfélaga til skólanna.

4. Netþing umboðsmanns barna vill benda á að í sumum skólum á landinu eru ekki nógu góðir stólar og borð, við leggjum til að eitthvað sé gert í þeim málum.

Rökstuðningur: Í sumum skólum eru jú finir stólar og borð, en bara ef það væri alls staðar. Það er nefnilega þannig að í öðrum skólum eru hræðilegir stólar og borð, t.d. of lítil eða stór eða bara orðin gömul og illa farin. Okkur finnst að þetta ætti að passa svolítið uppá, því að góð námsaðstaða stuðlar að vellíðan í skólanum og þar með betra námi.

5. Netþing umboðsmanns barna leggur til að á öllum skólalóðum ættu að vera að minnsta kosti tvær ruslatunnur.

Rökstuðningur: Sóðaskapur á skólalóð er ekkert skemmtilegur. Svo er börnunum alltaf kennt um allt. Við viðurkennum það alveg, að alltaf eru einhverjir sem henda bara rusli þar sem þeim sýnist og á sumum skólalóðum er meira rusl en annars staðar. En við vitum það líka að ekki eru alls staðar ruslatunnur á skólalóðum og þar eru jafnvel krakkarnir látnir tína rusl einu sinni í viku. Af hverju eru ekki bara settar upp ruslatunnur þar??? Þess vegna leggjum við til að á öllum skólalóðum ættu að vera að minnsta kosti tvær ruslatunnur.

Tillögur tískunefndar:

1. Skólabúningar verði ekki teknir upp á Íslandi.

Rökstuðningur: Þeir hefta frelsi einstaklingsins og sjálfstæði okkar minnkar, Þú getur ekki neytt fólk til að kaupa og ganga í ákveðnum fötum.

2. Lækka verð á geisladiskum.

Rökstuðningur: Það að lækka verð á geisladiskum þýðir jafnrétti til kaups. Með því að halda uppi þessu háa verði á geisladiskum mismunar það krökkum um aðgengi að ákveðinni menningu. Tónlistarmenning er stór hluti af menningu okkar unglunga og með því að lækka verðið á þeim eigum við auðveldara með að njóta þessarar menningar.

Tillögur tómsunda og félagsmálanefndar:

1. Breyttur útivistatími barna og unglunga Krakkar 9 ára og yngri mega vera úti til 20:00, 10-13 ára mega vera til 22:00 en 14-16 ára til 23:00 eða 23:30.

Rökstuðningur: Flest allir unglingar eru mjög ósáttir við þau útivistarlög sem eru nú í landinu og við efumst stórlega um að eftir þeim sé farið.

2. Foreldrar geti nýtt sér ónýttan persónuafslátt barna sinna.

Rökstuðningur: Á meðan börnin eru í skóla og persónuafslátturinn safnast upp, eru foreldrarnir í mörgum tilvikum að vinna baki brotnu til að afla peninga til að halda krakkanum í skóla. Einnig er mjög dýrt að fjármagna áhugamál barna nú til dags og verðlag í tómsundakennslu oft mjög hátt, þar gæti persónuafslátturinn nýst mjög vel.

3. Fjárframlög til félagsmiðstöðva verði aukin.

Rökstuðningur: Allir staðir á landinu ættu að hafa félagsmiðstöðvar og við viljum fá meira fjármagn bæði til að stofna þær og halda þeim gangandi en það gengur oft mjög illa vegna fjárskorts og fólk hættir því að mæta.

4. Lækkun verðs á tómsundum

Rökstuðningur: Foreldrar hafa ekki við að afla fjár fyrir áhugamálum barna sinna og oft þurfa þeir að neita börnunum um að rækta þá hæfileika sem þau hafa vegna fjárskorts.

Skólar og þingfulltrúar

Réttarholtsskóli:

Atli Bollason
Anna Dröfn
Ágústsdóttir
Elísa Dögg Björnsdóttir
Arnar Már Magnússon

Hagaskóli:

Hjörvar Ólafsson
Kolbrún Björt
Sigfúsdóttir
Kristín Svava
Tómasdóttir

Teitur Skúlason

Álftamýrarskóli:

Jón Ævar Tómasson
Gunnar Andri
Kristinsson
Þura S. Garðarsdóttir
Arnar B. Björnsson

Rimaskóli:

Haukur Lárusson
Rakel Magnúsdóttir
Þorsteinn Sverrisson
Tinna Dögg
Guðmundsd.

Klébergsskóli:

Guðný Erla Guðnadóttir
Lovísa Ólöf
Guðmundsd.

Árbæjarskóli:

Birgir Smári Ársælsson
Erna Björnsdóttir
Hrund Ólafsdóttir
Viðar Jónsson

Grundaskóli:

Bjarki Þór
Guðmundsson
Erla Þóra Guðjónsdóttir

Kleppjárnsreykjaskól i:

Sigmar Árnason
Sunna Rós Davíðsdóttir

Patreksskóli:

Lilja Sigurðardóttir
Hekla Ösp Ólafsdóttir

Grunnsk. á

Sauðárkróki:

Ása Björg Ingimarsdóttir
Magnús Freyr Gíslason

Höfðaskóli:

Kristbjörg Una Guðm.d.
Sindri Njáll Hafþórsson

Brekkuskóli:

Sindri Kristjánsson
Árni Björn Þórarinsson
Kristjana Pálsdóttir
Hulda Hallgrímsdóttir

Grunnsk. Djúpavogi:

Gunnar Sigvaldason
Íris Birgisdóttir

Hallormsstaðaskóli:

Sigríður Eir
Zophoníasard.
Örvar Már Jónsson

Heppuskóli:

Anna Guðný
Guðmundsd.
Fannar Steinn
Steinarsson

Barnsk. á Eyrarbakka og Stokkseyri:

Birgir Marteinson
Guðmundur Gísli
Hagalín

Barnsk. Vestm.:

Daníel Steingrímsson
Tanja Rut Rúnarsdóttir

Grunnsk. í

Hveragerði:

Kristján Aage
Laufey Sif Lárusdóttir

Laugalandsskóli:

Elín Hrönn
Sigurðardóttir
Laufey Guðný Kristinsd.

Sólvallaskóli:

Pétur Viðar Kristjánsson
Baldur Karl Kristinsson

Garðaskóli:

Ingvar Árnason
Sigrún Marta Sigmarisd.

**Kópavogsskóli:**

Guðlaugur S. Gíslason
Porvaldur Ólafsson

Njarðvíkurskóli:

Erla María Guðmundsd.
Ólafur Rafn
Brynjólfsson

Margeir Hafsteinsson

Digranesskóli:

Sigurður Jón Sigurðsson
Hildur Einarsdóttir

Arnar Þór Túliníus

Barbara Rut Bergþórsd.

Öldutúnsskóli:



Verkefnisstjórn

Pórhildur Líndal	Umboðsmaður barna
Marta Bergmann	Skrifstofa umboðsmanns barna
Kjartan Ólafsson	Ráðgjöf um fyrirkomulag og framkvæmd
Gunnar Grímsson	Umsjón tæknimála og vefsmíði
Bragi Halldórsson	Grafísk hönnun, hannaði m.a. merki NetÞings - unglingaþings umboðsmanns barna

Viðaukar

1. Minnisblað, dagsett 16.06.1999.
2. Minnisblað, dagsett 30.06.1999.
3. Bréf umboðsmanns barna til skólastjóra, dagsett 1. september 1999.
4. Fréttatilkynning vegna setningar Netþings - unglingsþings umboðsmanns barna, dagsett 18. janúar 2000.
5. Bréf umboðsmanns barna til netþingfulltrúa vegna lokafundar ásamt eyðublaði, dagsettu 2. mars 2000.
6. Bréf umboðsmanns barna til skólastjóra vegna lokafundar, dagsett 2. mars 2000.
7. Fréttatilkynning til fjölmiðla vegna lokafundar, dagsett 23. mars 2000.
8. Sýnishorn af rútupassa frá BSÍ, gefinn út sérstaklega í tilefni af Netþingi.
9. Dagskrá lokafundar Netþings.
10. Sýnishorn af viðurkenningarskjali, veitt netþingfulltrúum fyrir þátttöku í Netþingi.

HUGMYNDIR

EFNI: VIRKARI ÞÁTTTAKA BARNNA Í UMRÆÐUM OG ÁKVÖRDUNUM UM MÁLEFNI SEM SNERTA ÞAU SJÁLF

DAGS: 16.06.1999

NÁNARI ÚTFÆRSLA KJARTANS ÓLAFSSONAR, VERKEFNISSTJÓRA Á HUGMYNDUM UMBOÐSMANNS BARNNA

Aðdragandi

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um að *Aðildarríki skuli tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska*. Nú verður því tæpast haldið fram að íslensk stjórnvöld fari með offorsi og yfirgangi gegn börnum sem tjá skoðanir sínar opinberlega en þó má spyrja hvort ekki sé rétt og jafnvel bráð nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að skoðanir barna verði merkjanlegri en nú er. Hér verður því gengið út frá þeirri forsendu að réttur barna til að tjá skoðanir sínar sé ekki bara fólgin í því að ekki séu lagðar formlegar hömlur þar á heldur að börnum sé á skipulegan hátt kynntur þessi réttur sinn og þeim leiðbeint svo þau geti nýtt sér hann. Þannig er ekki hægt að gera ráð fyrir því að börn þekki leikreglur lýðræðisins til hlýtar nema einhver leggi það á sig að leiðbeina þeim. Með öðrum orðum, tryggja verður að barn lendi ekki í sömu aðstöðu og maður sem vill kaupa sér brauð en áttar sig ekki á því fyrir en seint og um síðir að til að fá afgreiðslu þarf að ná í miða með númeri, ef hann hefur ekki áður hreinlega gefist upp á að bíða.

Íslendingar bera sig mjög gjarnan saman við frændur sína á Norðurlöndum en þar hefur víða verið gripið til ýmiskonar aðgerða til að auðvelda börnum að láta

skoðanir sínar í ljós. Athyglivert er hinsvegar að sjá að rökin fyrir slíkum aðgerðum eru ekki eingöngu þau að um réttlætismál sé að ræða heldur jafnvel frekar að það sé beinlínis hagkvæmt að leita eftir skoðunum barna á málum sem þau varða. Þetta á til dæmis við þegar sveitarstjórnir úthluta fjármunum til verkefna sem snerta hagsmuni barna, þá getur beinlínis borgað sig að hafa þau með í ráðum.

Öll Norðurlöndin hafa á undanförunum árum stofnað embætti sérstakra umboðsmanna sem gæta þess að tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna á öllum sviðum samfélagsins. Íslendingar eru að þessu leiti ekki eftirbátar nágranna sinna. Hinsvegar hafa sveitarfélögin á Íslandi ekki tekið við sér í sama mæli og gerst hefur á Norðurlöndunum. Á vettvangi sveitarfélaganna virðist sem Porsgrunn Kommune í Noregi hafi tekið forystu og sé það sveitarfélag sem flestir miða sig við þegar rætt er um að virkja börn í umræðu um málefni sem þau varða.

Eitt af því sem vekur athygli við verkefnið í Porsgrunn er að í það var ráðist þegar sveitarfélagið gekk í gegnum miklar efnahagsþrengingar og það talið geta vegið upp ýmsa neikvæða þætti í samfélaginu, meðal annars með því að styrkja samfélagsvitund barnanna. Verkefnið fól meðal annars í sér að stofnað var embætti umboðsmanns barna í sveitarfélaginu. Einnig eru veitt árlega verðlaun (10.000 Nkr.) því félagi sem dyggilegast hefur unnið að hag barna undangengið ár og velur dómnefnd, eingöngu skipuð börnum, vinningshafann úr hópi umsækjenda. Aðal áherslan var hins vegar á að styrkja nemendaráðin og skólana sem lýðræðislegan vettvang barna og það er sú leið sem fjölmörg önnur sveitarfélög hafa farið. Um nánari útfærslur Porsgrunn verkefnisins vísast til skýrslu um verkefnið (Kjell Likestøl, 1996, *Porsgrunn modellen*. Oslo, Barne- og familiedepartementet).

Hér er lagt til að tekið verði mið af reynslunni frá Porsgrunn og leitast við að skapa börnum lýðræðislegan umræðuvettvang í nemendaráðunum með vísan til

12. greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og 17. gr. laga um grunnskóla þar sem segir: Nemendum grunnskóla er heimilt að stofna nemendaráð sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra.

Aðgerðir

Sé tekið mið af reynslu annarra norðurlandþjóða er ljóst að hægt er að fara ýmsar leiðir að því marki að auka virkni barna í umræðum og ákvörðunum um málefni sem þau varða. Miðað við ástand mála á Íslandi má telja nánast sjálfgefið að grípa þurfi samtímis til aðgerða á tveimur stigum, á vettvangi sveitarstjórna og svo á landsgrundvelli. Með því má telja auknar líkur á að náist umtalsverður árangur.

Niðurstöður könnunar umboðsmanns barna á starfsháttum nemendaráða grunnskóla skólaárið 1995-1996 gefa til kynna að starfsemi nemendaráða sé háttað með ýmsu móti í grunnskólum landsins og að efast megi um að starfssvið ráðanna nái út fyrir þröngan ramma skemmtanahalds og félagsmála. Með því að styrkja starfsemi nemendaráðanna má segja að stigið sé fyrsta skref í að skapa börnum vettvang til að hafa áhrif á starfsemi og skipulag skólans sem er þeirra starfsvettvangur. Þetta má meðal annars gera með eftirfarandi:

- Senda bréf til allra barna þar sem þeim er kynntur rétturinn til að stofna með sér nemendaráð og þeir möguleikar sem slíkt ráð hefur til að vinna félags- hagsmuna- og velferðarmálum nemenda
- Brýna fyrir skólayfirvöldum mikilvægi nemendaráða og þess að ráðunum sé gert kleift að axla ábyrgð í starfi.
- Beina því til menntamálaráðuneytisins að skýrar sé kveðið á um starfsemi nemendaráða, til dæmis í reglugerð.
- Þjóða nemendaráðum upp á fræðslu og jafnvel námskeið um skipulag og starfsemi nemendaráðsins (sjá Björgvin Ingi Ólafsson og Helgi Grímsson,

1997, *Gerum betur í vetur. Handbók fyrir nemendaráð og félagsstarfskennara*. Reykjavík, Íþrótt- og tólmstundaráð Reykjavíkur;).

Í nýrri aðalnámsskrá grunnskóla (sjá viðauka) er kveðið á um kennslu í því sem kallað er lífsleikni. Markmiðið með þessari nýju námsgrein er meðal annars að formfesta fræðslu um ýmis málefni sem fallið hafa utan hefðbundinna námsgreina ásamt því að efla alhliða þroska nemenda. Lífsleiknifagið virðist, samkvæmt aðalnámsskrá, vera ákjósanlegur vettvangur til fræðslu um leikreglur lýðræðisins og jafnvel sem umræðuvettvangur barna og fullorðinna. Hægt er að hugsa sér að samfara kjöri fulltrúa í nemendaráð sé nemendum í lífsleiknináminu veitt nauðsynleg fræðsla svo frambjóðendur og kjósendur geri sér grein fyrir hvað felst í því að vera kjörinn fulltrúi tiltekins hóps. Með þetta í huga mætti til dæmis:

- Senda verkefnisstjóra lífsleikninámsefnis bréf og óska eftir því að námsefnið taki á þeim þáttum sem að framan eru nefndir og
- Athuga hvort hægt sé að haga náminu þannig að til verði vettvangur fyrir börn til að hafa áhrif
- Komast að því hvaða kennarar munu sjá um kennslu í faginu og sannfæra þá um mikilvægi þess að börnum sé veitt fræðsla í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Athuga hvort Kennaraháskólinn hyggst undirbúa kennaranema sérstaklega fyrir kennslu í þessu fagi og ef svo er hvernig hægt er að tryggja hugmyndinni um meðvirkni barna sé haldið á lofti.

Sé ætlunin að gefa börnum færi á að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi er nauðsynlegt að sveitarfélögin grípi til aðgerða. Þetta er einmitt það sem mörg sveitarfélög á Norðurlöndum hafa verið að gera og má hafa reynslu þeirra til hliðsjónar hér á landi. Einkum er þá miðað við að börn geti tjáð skoðanir sínar á málum sem þau snerta, svo sem skipulags- og skólamálum. Fyrsta skref

sveitarfélaga á Norðurlöndum virðist oft hafa verið að skipa umboðsmann barna í sveitarfélaginu eða að öðrum kosti að leggja ábyrgð á herðar tilteknum aðilum innan sveitarfélagsins, frekar en samþykkja stefnuyfirlýsingar um aukna meðvirkni barna almennt. Í þessu sambandi má hugsa sér eftirfarandi:

- Útgáfu hugmyndaheftis með leiðbeiningum til sveitarfélaga, vel kemur til greina að þýða Børn på banen.
- Löggjöf sem leggur sveitarfélögunum skyldur á herðar.
- Tilraunaverkefni einstakra sveitarfélaga í samvinnu við umboðsman barna sem yrðu öðrum hvatning og fyrirmynd.

Rætt hefur verið um að koma upp umræðuvetvangi fyrir umboðsmann barna til að ráðfæra sig við börn um einstök málefni og til að gefa börnum betra tækifæri á að koma málum á framfæri við umboðsmanninn. Nánari útfærsla á þessu veltur mjög á því hvernig til tekst að virkja börn í skólunum og á sveitarstjórnarstiginu, þ.e. hvort hægt verður að notast við sama umræðuvettvang. Aðrar leiðir koma einnig til greina, t.d. að leita reglubundið til tiltekins hóps barna um álit á einstökum málum. (N.B. til að fá raunhæfa mynd af skoðunum allra barna þarf að fá svör frá u.þ.b. 700 börnum sem þýðir úrtak upp á 1000-1200 börn miðað við hefðbundið brottfall. Sé leitað til fámennari hóps verður að líta svo á að um sé að ræða skoðanir þessa hóps en ekki barna almennt.).

Samantekt

Hér hefur verið lagt til að gripið verði til fjölpættra aðgerða til að styðja börn til að koma skoðunum sínum á framfæri. Miðað er við að lýðræðisuppyggingin hefjist neðanfrá með því að styrkja lýðræðislega umræðu í daglegu lífi barna og gert ráð fyrir að það geti skilað sér. Ekki er tekin afstaða til þess hversu snemma á lífsleiðinni miða skal við að virkja börnin að öðru leiti en því að það sé gert eins fljótt og auðið er og alls ekki síðar en í 4. bekk. Miðað við það sem rætt var hér



að framan má hugsa sér verkefni sem hæfist í september ár hvert með því að umboðsmaður barna setti sig í samband við nemendaráð skólanna með fræðslu og ósk um samstarf á komandi vetri. Ennfremur yrði leitað eftir samstarfi við lífsleiknikennara.



HUGMYNDIR

EFNI: NETÞING, UNGLINGAÞING UMBOÐSMANNS BARNA

DAGS: 30.06.1999

NÁNARI ÚTFÆRSLA KJARTANS ÓLAFSSONAR, VERKEFNISSTJÓRA Á HUGMYND UMBOÐSMANNS BARNA UM NETÞING - UNGLINGAÞING UMBOÐSMANNS BARNA

Markmið verkefnisins

Að gefa íslenskum ungmennum tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri við umboðsmann barna og styrkja þannig embættið sem málsvara ungs fólks á Íslandi.

Útfærsla verkefnisins

Valin verða 63 ungmenni af landinu öllu á aldrinum 12-15 ára og þeim boðið að gerast fulltrúar ungs fólks á Íslandi gagnvart umboðsmanni barna. Sett verður upp sérstök spjallrás (Þingvöllur) sem einungis þingfulltrúar og umboðsmaður barna hafa aðgang að. Þingingfulltrúar fá svo mánaðarlega (á 3-5 mánaða tímabili) senda í tölvupósti fyrirspurn eða umræðuefni frá umboðsmanni barna og geta þá hvorttveggja rætt málið á spjallrásinni eða sent álit sitt í tölvupósti til umboðsmannsins. Ennfremur geta þingfulltrúar sjálf lagt mál fram til umræðu á spjallrásinni, sent þau í tölvupósti til annarra þingfulltrúa eða beint til umboðsmanns barna.

Miðað er við að skipting þingfulltrúa sé hin sama og í drögum að nýrri kjördæmaskipan og þannig komi tíu þingfulltrúar úr landsbyggðarkjördæmunum þremur, Norðvestur- Norðaustur og Suðurkjördæmi en ellefu úr Suðvesturkjördæmi

og Reykjavíkurdæmunum. Efnt verður til samstarfs við 2-5 skóla í hverju kjördæmi og skólayfirvöld fengin til að útvega þingfulltrúum úr viðkomandi skóla aðgang að tölvum og næði til að sinna þingstörfum á umsömdum tímum. Líklega er heppilegt að miða við að ekki séu færri en tveir þingfulltrúar úr sama skóla svo þeir geti haft einhvern stuðning hvor af öðrum. Val þingfulltrúa fer þannig fram að skólastjóri sendir umboðsmanni barna nöfn a.m.k. tífallt fleiri nemenda en ráðgert er að þingfulltrúafjöldi úr viðkomandi skóla verði; Umboðsmaður barna velur svo af handahófi nöfn úr þessum hópi og býður viðkomandi að gerast þingfulltrúi.

Þingið hefst með námskeiði þar sem farið er yfir helstu leikreglur lýðræðisins og gengið úr skugga um að allir þingfulltrúar hafi nægjanlegt vald á tölvutækninni til að geta nýtt sér samskiptaleiðir þingsins. Einnig er mikilvægt að hópurinn fái tækifæri til að hittast og mynda einhver tengsl til að liðka fyrir tölvusamskiptunum. Þinginu lýkur svo með fundi þar sem allir koma saman og samþykkja einhverskonar ályktun. Áhugavert væri að fá forsetaembættið til samstarfs og hugsanlegt að forsetinn vildi gerast verndari þingsins.

Tæknileg útfærsluatriði

Setja þarf upp heimasíðu verkefnisins í tengslum við heimasíðu umboðsmanns barna. Þar þarf að vera hvorttveggja opið svæði þar sem allir geta fræðst um verkefnið og ef til vill fengið upplýsingar um þau mál sem rædd hafa verið á þinginu og svo lokað svæði sem einungis þingfulltrúar fá aðgang að með persónubundnu lykilorði. Á lokaða svæðinu væru svo tengingingar við spjallrásina, hóppóstfang til að senda tölvupóst til allra þingfulltrúa og ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir þingfulltrúana.

Tímaáætlun (hugmynd)

- Ágúst Velja skóla, hafa samband við skólastjóra

- September Velja þingfulltrúa, semja um vefsmíði
- Október Námskeið og kynning gagnvart þingfulltrúum
- Nóvember Alþingi ungs fólks sett; fyrsti þingfundur
- Desember Þingið starfar
- Janúar Þingið starfar
- Febrúar Þingið starfar
- Mars Þinginu slitið með fundi í Reykjavík eða á Þingvöllum

Nýja kjördæmaskipanin

Reykjavíkurborgkjördæmi Austur og Vestur: 22 þingmenn

(Reykjavík og Seltjarnarnes)

Norðvesturkjördæmi: 10 þingmenn

(Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra án Siglufjarðar)

Norðausturkjördæmi: 10 þingmenn

(Siglufjörður, Norðurland eystra og Austurland)

Suðurborgkjördæmi: 10 þingmenn

(Suðurland og Suðurnes)

Suðvesturkjördæmi: 11 þingmenn

(Reykjanes án Suðurnesja)

Grunnskólar á Íslandi

Lista yfir alla grunnskóla á Íslandi (skipt eftir núverandi kjördæmum) með heimilisföngum, símanúmerum, nöfnum skólastjóra og upplýsingum um nemendafjölda er að finna á íslenska menntanetinu <http://www.ismennt.is/grunnsk/>

Reykjavík, 1. september 1999

Ágæti skólastjóri

Hinn 20. nóvember næstkomandi verða 10 ár liðin frá því að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu *samning um réttindi barnsins* (í daglegu tali nefndur *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*). Þótt samningur þessi sé ekki fyrsti alþjóðasamningurinn sem varðar börn er hann tvímælalaust sá mikilvægasti, þar eð hann fjallar sérstaklega og eingöngu um mannréttindi barna yngri en 18 ára.

Í 1. mgr. 3. gr. Barnasáttmálans segir:

Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

Þá segir í 1. mgr. 12. gr. Barnasáttmálans:

Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Ekki síst með vísan til þessara grundvallaréttinda barna hef ég ákveðið að ýta úr vör verkefni, sem hlotið hefur vinnuheitið, *Alþingi barnanna*. Markmið verkefnisins er að gefa íslenskum börnum verðugt tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri við umboðsmann sinn og um leið styrkja embættið sem málsvara barna og ungmenna. Ákveðið hefur verið, á fyrsta starfsári þingsins, að gefa 63 börnum á aldrinum 12 til 15 ára, frá 25 grunnskólum af landinu öllu, kost á þátttöku í þingstörfum, sem fulltrúar ungu kynslóðarinnar gagnvart umboðsmanni.

Skipting þingfulltrúa verður sú hin sama og gert er ráð fyrir í nýjum stjórnskipunarlögum um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins, en samkvæmt

fyrirliggjandi kjördæmaskipan koma 30 þingfulltrúar úr landsbyggðarkjördæmunum þremur: Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi, þ.e. 10 þingfulltrúar úr hverju, 11 þingfulltrúar koma úr Suðvesturkjördæmi og 22 úr Reykjavíkurborgkjördæmi.

Í byrjun er þinginu ætlað að standa í fjóra mánuði, þ.e. í nóvember og desember 1999 og í janúar og febrúar 2000. Þingfulltrúar fá sendar fyrirspurnir eða umræðuefni frá embættinu mánaðarlega meðan þingið stendur. Ætlast er til að fulltrúar ræði málin, sín á milli, á sérstakri spjallrás (vinnuheiti: Þingvöllur), sem sett verður upp á Netinu og sendi í kjölfar umræðna, skoðanir/tillögur sínar í tölvupósti til umboðsmanns. Þá geta þingfulltrúar sjálfir lagt fram mál til umræðu á spjallrásinni og sent niðurstöður sínar til umboðsmanns.

Að athuguðu máli hefur að þessu sinni verið ákveðið að fá ...skóla til samvinnu um þetta verkefni. Af því tilefni vil ég fara þess vinsamlegast á leit við yður að þér leggið verkefni þessu lið í þremur mikilvægum atriðum:

◆ **Val þingfulltrúa**

Óskað er eftir lista með nöfnum 2 nemenda sem verða í 8. bekk á komandi vetri, eftir að gengið hefur verið úr skugga um að viðkomandi vilji verða þátttakandi í þessu verkefni umboðsmanns barna.

◆ **Tengiliður - aðstoðamaður**

Óskað er eftir að tilnefndur verði kennari (eða annar starfsmaður skóla), sem er reiðubúinn til að vera framangreindum nemendum til halds og trausts, í þingstörfum.

◆ **Tölvunotkun**

Óskað er eftir að þingfulltrúum verði veittur aðgangur að nettengdum tölum skólans í u.þ.b. 2 klukkustundir, einn dag í mánuði, til að sinna þingstörfum.

Þingið hefst með námskeiði þar sem farið verður yfir helstu leikreglur lýðræðisins og gengið úr skugga um að allir þingfulltrúar hafi nægjanlegt vald á tölvutækninni til að geta nýtt sér samskiptaleiðir þingsins.



Í framhaldi af þessu bréfi mun, af hálfu skrifstofu minnar, verða haft samband við yður fyrir 11. september nk., og afstaða yðar til ofangreinds könnuð.

Með vinsemd
Þórhildur Líndal (sign)

FRÉTTATILKYNNING

Á morgun 18. janúar árið 2000 kl. 15:00, verður **NETÞING** - unglingaþing umboðsmanns barna, formlega sett af forsætisráðherra, Davíð Oddssyni í húsakynnum embættis umboðsmanns barna að Laugavegi 13 í Reykjavík.

Markmið umboðsmanns barna með að setja á stofn **NETÞING** er fyrst og fremst að gefa fulltrúum ungu kynslóðarinnar tækifæri á að ræða saman sín á milli, á lýðræðislegan hátt, um málefni er á þeim brenna og koma skoðunum sínum á framfæri við opinberan talsmann sinn. Þannig styrkist embættið enn frekar, sem málsvari barna og unglunga gagnvart opinberum, sem og einkaaðilum.

Þingfulltrúar verða 63 að tölu, 32 piltar og 31 stúlka, á aldrinum 12-15 ára. Við val þingfulltrúa hefur að þessu sinni verið höfð samvinna við 25 grunnskóla víðsvegar af landinu, en skipting þingfulltrúanna er hin sama og í drögum að nýrri kjördæmaskipan á Íslandi. Áformað er að halda fimm þingfundi á Netinu en þingið kemur til með að starfa í sjö nefndum, þ.e. níu fulltrúar í hverri nefnd, á lokaðri spjallrás. Lokafundur verður haldinn í Reykjavík í marsmánuði nk., þar sem farið verður yfir starfshætti þingsins og gengið frá niðurstöðum þess.

Ekki er vitað til þess að **NETÞING** sem þetta eigi sér fordæmi hér á landi og þótt víðar væri leitað. Við þróun þessarar hugmyndar umboðsmanns barna, Þórhildar Líndal, sem skírskotar til 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, hefur embættið notið ráðgjafar Kjartans Ólafssonar, félagsfræðings og þeirra Gunnars Grímssonar og Braga Halldórssonar, sem jafnframt hafa séð um tæknilega úrvinnslu.

Til að hrinda þessu brautryðjendaverki í framkvæmd var leitað til verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið, sem lagði til að veitt yrði fjármagni til þessa verks, sem síðan var samþykkt.



Þessi upplýsingatækni, sem fólgin er í nýtingu Netsins á þann hátt er að framan greinir leiðir vonandi - þegar fram í sækir - til bættis mannlífs, í kjölfar meiri áhrifa barna og unglunga, þessa tæplega þriðjungs íslenskra borgara, á uppbyggingu og skipulag lýðveldisins Íslands.

Reykjavík, 18. janúar 2000

Reykjavík, 2. mars 2000.

Kæru Netþingsfulltrúar

Efni: Dagskrá Netþings - unglungaþings umboðsmanns barna, ferðatilhögun o.fl. varðandi lokafund í Reykjavík 24. mars 2000.

Nú fer að líða að lokafundi á Netþingi - unglungaþingi umboðsmanns barna, sem ykkur stendur til boða að sækja og fyrirhugað er að halda í Ráðhúsi Reykjavíkur hinn 24. mars nk.

Dagskrá hefur verið ákveðin og fylgir hún hér með. Dagskráin gæti þó breyst smávægilega hvað einstaka tímaþætti varðar.

Til þess að geta sótt lokafundinn í Reykjavík þurfið þið að fá **skriflegt leyfi foreldra/forsjáraðila** ykkar og **skólastjóra/yfirkennara**. Við biðjum ykkur sem búið utan höfuðborgarsvæðisins um að ræða ferðaáætlunina, tímasetningar og farartæki nákvæmlega við foreldra/forsjáraðila ykkar, miðað við að þið farið **fram og til baka sama daginn**.

Íslandsflug býður þeim sem fljúga frá *Akureyri, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum* ókeypis flugfar til og frá Reykjavík.

Flugfélag Íslands veitir þeim sem fljúga frá *Höfn í Hornafirði, Egilsstöðum og Ísafirði* afslátt af flugfargjöldum sem embætti umboðsmanns barna mun greiða.

BSÍ býður þeim sem koma með áætlunarbílum frá *Akranesi, Borgarnesi, Skagaströnd, Eyrarbakka, Stokkseyri, Hveragerði, Hellu, Selfossi og Njarðvíkum* ókeypis ferð báðar leiðir til og frá Reykjavík. **Reykjavíkurborg** býður hádegisverð og **Alþingi** síðdegishressingu.



Starfsmenn umboðsmanns barna verða á Reykjavíkurlflugvelli og á Umferðarmiðstöðinni til þess að taka á móti ykkur.

Við höfum gert lauslega ferðaáætlun fyrir ykkur sem búið utan höfuðborgarsvæðisins og viljum biðja ykkur, hvert fyrir sig um að skoða hana og staðfesta að hún henti í ykkar tilviki, að öllum leyfum uppfylltum. Við munum panta flugferðir fyrir þau sem þurfa að fljúga. Þá munum við láta BSÍ fá nöfn þeirra sem koma með áætlunarbílum og munu þeir fá sendan sérstakan rútupassa, sem BSÍ gefur út af þessu tilefni.

Allt þetta er háð því að veðurútlit sé gott.

Sími á skrifstofu umboðsmanns barna er 552-8999 og bréfasími er 552-8966. Netfangið er Marta@barn.is.

Við sendum með bréfi þessu eyðublað, sem við biðjum ykkur að fylla út ásamt foreldrum/forsjáraðilum ykkar og skólustjóra/yfirkennara og senda síðan til umboðsmanns barna með pósti. **Bréfið þarf að hafa borist fyrir föstudaginn 10. mars** þar sem gengið verður frá ferð ykkar við viðkomandi aðila mánudaginn 13. mars.

Hafi nákvæmlega útfyllt og undirritað eyðublað ekki borist okkur hinn 10. mars lítum við svo á að þú ætlir ekki að taka þátt í lokafundinum.

f.h. umboðsmanns barna
Marta Bergman (sign)

Fylgiskjöl:

Dagskrá Netþings- unglingsþings umboðsmanns barna 24. mars 2000.



Eyðublað vegna lokafundar Netþings - unglingsþings umboðsmanns barna 24. mars 2000
Ferðatilhögun Netþingsfulltrúa föstudaginn 24. mars 2000.

EYÐUBLAÐ VEGNA LOKAFUNDAR NETÞINGS - UNGLINGAÞINGS UMBOÐSMANNS BARNNA 24. MARS 2000

Til þess að geta sótt þingið þarf hvert ykkar ásamt foreldri/forsjáraðila og skólustjóra/yfirkennara að hafa útfyllt þetta eyðublað og sent það til **umboðsmanns barna, Þórhildar Líndal, Laugavegi 13, 101 Reykjavík, með almennum pósti eða í bréfasíma (fax).**

Ekki er nægilegt að senda eyðublaðið í tölvupósti. Eyðublaðið er ekki gilt nema að **allir liðir** þess hafi verið útfylltir.

Nafn nemanda: _____ Heimilisfang: _____

Gælunafn (Nick): _____ Tölvupóstur (E-mail): _____@_____

Nafn foreldris/forsjáraðila: _____ Heimilisfang: _____

Heimasími: _____ Annar sími: _____

Hvaðan er farið? _____

Við höfum kynnt okkur meðfylgjandi dagskrá Netþings-unglingsþings umboðsmanns barna og erum samþykkt þátttöku nemandans í Netþinginu.

Undirskrift foreldris/forsjármanns: _____ Dags. _____



Undirskrift skólustjóra/yfirkennara: _____ Dags. _____

Hafi nákvæmlega útfyllt og undirritað eyðublað ekki borist okkur hinn 10. mars lítum við svo á að þú ætlir ekki að taka þátt í lokafundinum.

2. mars 2000

Efni: Beiðni um leyfi úr skóla fyrir þingfulltrúa til þess að sækja NetÞing - unglingsþing umboðsmanns barna

Hinn **24. mars nk.** er fyrirhugað að halda lokapingfund á *NetÞingi-unglingsþingi umboðsmanns barna*, sbr. áðursent bréf mitt, dagsett 1. september 1999. Fundurinn verður haldinn í *Ráðhúsi Reykjavíkur frá kl. 12.00 til 15:30*, sbr. nánar meðfylgjandi dagskrá fundarins. Af þessu tilefni er þess farið á leit að neðangreindir nemendur ..., sem setið hafa sem netþingfulltrúar á NetÞinginu, fái leyfi frá skólasókn þennan dag, eftir því sem með þarf að mati skólustjóra og að fengnu samþykki forsjáraðila þeirra.

Þá er þess jafnframt farið á leit að meðfylgjandi bréf ásamt fylgigögnum verði afhent, svo fljótt sem verða má, netþingfulltrúum, sem eru nemendur ...

Með góðri kveðju



Pórhildur Líndal (sign)

FRÉTTATILKYNNING

Fundarboð

Á morgun, föstudaginn 24. mars, munu fulltrúar á **Netþingi - unglingaþingi umboðsmanns barna** safnast saman til lokafundar í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Netþingfulltrúar eru 63 unglingar, 32 piltar og 31 stúlka, á aldrinum 12 til 15 ára úr 25 grunnskólum hvaðanæva af landinu. Skipting þingfulltrúa er hin sama og í drögum að nýrri kjördæmaskipan á Íslandi.

Fyrsti formlegi fundur Netþingsins var haldinn 18. janúar sl., en Netþingið hefur aðallega starfað í nefndum, á 6 lokuðum spjallrásum á Netinu. Nefndir þessar hafa fjallað um hamingju og framtíðarsýn, um menningarmál, um ofbeldi og vímuevarnir, um skólamál, um tísku og auglýsingar og um tómstundir og félagsstarf.

Stefnt er að því að **dagskrá lokafundar Netþingsins hefjist kl. 12.00 á morgun í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur**, þ.e. þegar þeir, sem búa úti á landsbyggðinni, eru komnir til höfuðborgarinnar ýmist með flugvél eða áætlanarbíl. Dagskrá hefst með því að umboðsmaður barna ávarpar netþingfulltrúa. Því næst mun forseti borgarstjórnar Reykjavíkur bjóða þingfulltrúa velkomna og Ráðhúsið verður skoðað. Að því loknu býður Reykjavíkurborg netþingfulltrúum til hádegisverðar.

Lokafundur Netþingsins hefst formlega kl. 13.00. Það mun verða farið yfir starfshætti Netþingsins, fyrirliggjandi tillögur nefnda Netþingsins ræddar, kynntar og afgreiddar. **Niðurstöður Netþingsins verða afhentar forseta Alþingis í Alþingishúsinu um kl. 14.40.** Netþingfulltrúum er síðan boðið að skoða Alþingishúsið og þiggja síðdegishressingu í boði Alþingis.

Netþing - unglingaþing umboðsmanns barna er tilraunaverkefni, sem umboðsmaður barna hefur ýtt úr vör. Markmið þess er að gefa fulltrúum ungu kynslóðarinnar tækifæri á að ræða saman sín á milli, á lýðræðislegan hátt, um málefni er á þeim brenna og koma skoðunum sínum þannig á framfæri með hjálp nýjustu samskipta og upplýsingatækni.

Lokafundur NetÞingsins verður haldinn í heyranda hljóði og er fjölmiðlafólk sérstaklega hvatt til að mæta og fylgjast með gangi mála. Meðfylgjandi er dagskrá lokafundarins.

Dagskrá NetÞings - unglingsþings umboðsmanns barna

24. mars 2000 haldið í Ráðhúsi Reykjavíkur

- ◆ 12.00-12.10 Umboðsmaður barna ávarpar Netþingsfulltrúa
- ◆ 12.10-12.15 Fulltrúi Reykjavíkurborgar býður fulltrúa velkomna
- ◆ 12.15-12.30 Skoðun Ráðhúss Reykjavíkur
- ◆ 12.30-13.00 Léttar veitingar í boði Reykjavíkurborgar, fulltrúar kynna sig
- ◆ 13.00-14.00 Netþingsfundur. Umræður um starfshætti og framtíð NetÞings
- ◆ 14.00-14.30 Tillögur NetÞings ræddar
- ◆ 14.40-14.50 Afhending tillagna í Alþingi
- ◆ 14.50-15.30 Alþingishúsið skoðað. Síðdegishressing í boði Alþingis
- ◆ 13.30 Dagskrárlok



Umboðsmaður barna vill þakka eftirtöldum aðilum sem með styrkjum eða öðrum hætti hafa gert mögulegt að halda Netþing-unglingaþing umboðsmanns barna:

Forsætisráðherra Davíð Oddssyni, Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið, Reykjavíkurborg og Alþingi, Íslandsflugi, Bifreiðastöð Íslands og Flugfélagi Íslands.